

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna afþreyingar- og ferðamannasvæðis við Hjörleifshöfða.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. júní 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. janúar 2024.

Í breytingunni felst að heimilað verður að byggja allt að 50 m² hús innan afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF14 við Hjörleifshöfða.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 5. júní 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 20. júní 2024